

Kennsluáætlun í jarðfræði fyrir 4. bekk

Máladeild

Haust - 2022

Kennsluefni: Jarðargæði

Kaflar	Helstu atriði	Helstu námsmarkmið	Verkefni
Kaflí 7 - Hin hvíkula jörð Vika 34-35	Innræn öfl Innri gerð jarðar Mörk flekanna Landrekskenningin	Gera sér grein fyrir innri skiptingu jarðar í kjarna, möttul og jarðskorpu. Þekkja flekakeninguna sem skýrir hreyfingar jarðaskorpu-unnar og hvernig jarðskorpan skiptist upp í fleka við annað hvort flekamót eða flekaskil.	Verkefni úr kaflanum
Kaflí 8 - Eldvirkni á Íslandi Vika 36-37	Myndun Íslands Eldvirni á flekaskilum Eldstöðvakerfi Megineldstöðvar og basalteldstöðvar Móbergsstapar	Að þekkja flokkun íslenskra eldstöðva í basalt- og megineldstöðvar. Þekkja það ferli sem á sér stað þegar gos verður undir jökli eða í vatni/sjó.	Verkefni úr kaflanum
Kaflí 9 - Jarðvarmi (lesa bls 149 - 159) Vika 38	Lekt Lág- og háhitasvæði Nýting jarðhita	Vita hvað skilur að lág- og háhitasvæði og þekkja muninn á milli svæðanna. Geta tengt jarðhitann við eldvirknina og gera sér grein fyrir því hvernig við nýtum jarðhitann hér á Íslandi.	Verkefni úr kaflanum
Kaflí 10 - Jarðskorpan Vika 39-40	Hringrás bergs Storkuberg Setberg Laus jarðlög (jarðvegur)	Geta útskýrt hringrás bergs Gera sér grein fyrir myndun og helstu sérkennum storkubergs. Gera sér grein fyrir skiptingu setbergs eftir myndunarhætti í molaberg,efnaset og lífrænt set. Þekkja helstu eiginleika jarðvegs og skilja hugtakið jarðvegseyðing.	Kaflapróf 1 Verkefni úr kaflanum
Kaflí 13 - Vatnið og landið Vika 41-42	Útræn öfl Grunnvatn Veðrun og rof Jöklar Vatnsföll og stöðuvötn	Geta útskýrt hringrás vatns. Geta skilgreint grunnvatn og grunnvatnsflöt Geta skilgreint veðrun og rof. Þekkja til landmótunar jökla. Kunna flokkun íslenskra vatnsfalla í lindár, dragár og jökulár. Gera sér grein fyrir svörfun vatns á landslagi - landmótun.	Verkefni úr kaflanum
Kaflí 4 - Sambúð manns og jarðar Vika 43-44	Umhverfismál Náttúruvernd	Geta skilgreint helstu hugtök kaflans: auðlindir jarðar, þölmörk náttúrunnar, sjálfbær þróun og náttúruvernd. Þekkja helstu þjóðgarða landsins.	Verkefni úr kaflanum Kaflapróf 2

Kaflí 5 - Andrúmsloftið	Lofthjúpur	Kunna skil á samsetningu lofthjúpsins.	
Vika 45-46	Ósonlagið Gróðurhúsaáhrif Sólarorka	Geta útskýrt muninn á óson-eyðingu og gróðurhúsaáhrifum. Þekkjja helstu þætti er tengjast náttúrulegum veðurfarsbreytingum.	Verkefni úr kaflanum
Vika 47	Samantekt og upprifjun fyrir stúdentspróf		

Kennsluhættir: sex 40 mínútna kennslustundir á viku

Námseinkunn vegur 50% af lokaeinkunn í jarðfræði í 4. bekk og reiknast á eftirfarandi hátt:

Kaflapróf	50%
Verkefni	30%
Mat kennara	20%

Stúdentseinkunn (lokapróf) vegur 50% af lokaeinkunn. Með fyrirvara um breytingar.

Gangi þér vel, kv. Ingibjörg